

Reglugjörð

103
30. ág.

um viðauka við almenna reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu frá 6. júlí 1899.

Um rekstra og sölufje.

1. gr. Um rekstramenn.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir menn, vandaðir, duglegir og vel útbúnir. En það ályst nægileg tala, ef 2 menn reka alt að 100 fjár, 3 menn alt að 200 fjár og 4 menn alt að 300 fjár og svo fleiri menn eftir líkri tiltölu, ef fleira fje er rekið í einum rekstri. En ekki mega þeir jafnframt hafa annað á hendi, ef ekki er betur mannað. Ekki mega að jafnaði vera færri en 2 rekstrarmenn, hve fátt sem rekið er. Þó má 1 maður reka, ef ekki eru reknar nema 15 kindur, þó aðeins með samþykki hreppstjóra þess hrepps, sem reksturinn er úr, og þarf sá er rekur að geta sýnt leyfi frá honum ef krafist verður. Þó þarf slíkt samþykki ekki nema rekið sje út yfir Mýrdalssand eða Jökulsá.

2. gr. Um rekstraforingja.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávalt einn vera yfirmaður, er annist um að þessum rekstrarreglum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim er kynnu að kæra; en hann á aftur aðgang að samrekstrarönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni er brýtur, ef brotið er svo vaxið að það heyri undir almenn hegningarlög.

3. gr. Um rekstrarmark.

Alt fje í sölurekstrum skal vera merkt með ákveðnu rekstrarmarki, er sje glögg og svo traust að það ekki máist af þótt votviðri gangi.

4. gr. Um áningu og áfanga.

Reka skal hægt og gætilega, ægja nógu oft og hafa áfanga eigi of langa.

5. gr. Um vörn við því að tjón verði af rekstrum.

Svo skal rekstrum haga, að sem minstur bagi verði að, þeim er þau lönd eiga, sem um er rekið. Varast skal að rekstrum lendi saman við annað fje, ef hjá því verður komist. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja til muna, nema brýna nauðsyn beri til að ná í áfanga. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyrir en markljóst er orðið.

103

30. ág.

6. gr. Um rannsókn á rekstrum.

Nú ber svo við, að öðru fje lendir saman við rekstur. Skal þá stöðva reksturinn, ef á ferð er, en ella halda kyrru fyrir og eigi leggja aftur af stað með hann, ef í byggð er, fyr en búid er að rannsaka hann af 2 tilkvöddum skilrikum mönnum. Getur enginn skorast undan slikri rannsókn, er til þess er fær, og ber að gjöra það ókeypis, ef það ekki tekur upp yfir 2 klukkustundir. Ella ber rekstrarmönnum að greiða þóknun fyrir eftir úrskurði sýslumanns, ef á greinir. En aðgang eiga rekstrarmenn með þá borgun að eigendum fjárins, ef þeim hefir ekki sjálfum verið um að kenna. Á sama hátt skal rannsaka alla fjárrekstra áður en þeir fara út yfir Jökulsá.

7. gr. Um talning á rekstrum.

Telja skal fjeð í rekstrunum á morgnana þegar á stað er farið og hvenær sem viðstaða verður, svo að fjeð dreifi sjer nokkuð til muna. Vanti þá fje í reksturinn, skal gjöra aðvart um það á næsta bæ, sem að er komið, og biðja fyrir það sem vanta kann. En ef fleira fje er komið í reksturinn en honum á að fylgja, skal á næsta bæ, sem í leið er, rjetta reksturinn og skilja það frá, sem að hefir komið, og sjá til að það komist í áttþaga sina eigendum að skaðlausu.

8. gr. Um fjártöku í almenningsrjett.

Hver sá, sem fje tekur í almenningsrjett, skal hafa markglöggan mann, sem athugi markið á fjenu um leið og það er merkt rekstrarmarkinu.

9. gr. Almenn ákvæði.

Verði einhver sannur að því, að hafa tekið fje annara til reksturs heimildarlaust, skal hann bæta það eigendum að fullu eftir samkomulagi, eða eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður tilnefnir, ef með þarf. Sannist það að slíkt hafi verið gjört í skeytingarleysi, varðar það þar að auki sektum 1—15 kr. fyrir hverja kind, sem þannig er tekin, er gangi í sveitarsjóð þess hrepps, er land á þar, sem brotið er framið, nema því að eins, að brotið heyri undir almenn hegningarlög.

10. gr.

Brot gegn reglum þessum, þar sem ekki er annað sjerstaklega ákveðið, heyra undir 39. gr. almennrar reglugjörðar, um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafells-sýslu, er staðfest er af amtsráði Suðuramtsins 6. júlí 1899.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur Skaftafellssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 15. september 1913.

Í stjórnarráði Íslands, 30. ágúst 1913.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.